

Sp.

180. Fyrirspurnir

[128. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um strandsiglingar.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin undirbúið tillögur um skipulagningu vöruflutninga á sjó og landi á langleiðum innanlands?
2. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu til vöruafgreiðslu hjá Skipaútgerð ríkisins, svo að tæknibúnaður og aukin afkastageta nýju strandferðaskipanna komi að fullum notum?
3. Hvað ætlast ríkisstjórnin fyrir varðandi farþegaflutninga með ströndum fram:
 - a. Vegna sumarferða innlendra og erlendra ferðalanga,
 - b. Til þjónustu við þær strandbyggðir, sem erfiðasta sókn eiga til flugvalla á veturnum?